

Alþingi
Erindi nr. P 131/125
komudagur 18.11.2004

Reykjavík 17. nóvember 2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40/1998

Eins og segir í fylgiskjali 1 með frumvarpinu þá er megintilgangur þess að hækka láns hlutfall almennra íbúðalána. Búseti hsf. styður að Íbúðalánasjóði sé gert kleift að veita öðrum fjármálastofnunum aðhald með því að geta boðið heldur betri kjör en svigrúmið í dag leyfir. Hins vegar varar félagið aðallega við tveimur afleiðingum sem óhjákvæmilega verða. Annarsvegar að fasteignaverð mun eflaust hækka enn frekar þar sem möguleikar til kaupa munu aukast með auknu lánsfjármagni. Hinsvegar er viðbúið að fjölmargir einstaklingar og fjölskyldur, sem hafa í raun ekki ráð til, fari að festa kaup á húsnæði með gríðarlegri skuldsetningu sem margir munu ekki standa undir. Í þeim tilfellum er hætt á að fólk eigi þá ekki alltaf greiða leið til baka, í aðra valkosti s.s. Búseta, berandi ábyrgð á 90-100% skuldsetningu íbúðar.

Frelsi er ágætt en vandmeðfarið eins og komið hefur í ljós undanfarin ár. Á tímum Húsnæðisstofnunar þá náði sú stofnun að hafa veruleg áhrif í að halda niðri íbúðaverði. Það var gert með því að setja þak á hámarkslán og stærðarmörk íbúða til félaga og húsnæðisnefnda. Búseti er ekki að hvetja til að snúið verði til þeirra leiða en kostur þeirra aðgerða var sannarlega sá að byggt var mun hagkvæmara húsnæði en nú er gert í nýfengnu 100% frelsi.

Hvað varðar þann hluta er snýr beint að félaginu með breytingu á 5 gr. þá styður Búseti hana. Það er kostur að hafa val um fasta eða breytilega vexti. Á þessu stigi er ekki gott að segja hvor kosturinn sé vænlegri í þeim miklu hræringum sem eru á peningamarkaði í dag.

F.h. Búseta hsf.



Gunnar Jónatansson, framkv.stj.